Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Páll Stefánsson

Bjarni Benediktsson - Páll Stefánsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 8

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

St. Rvík 10. mars 1946.

Hr. borgarstjóri. Bjarni Benediktsson
Heiðraði vinur.

Ég hefi áður leitað til þín til úrlausnar í ýmsum málum – og leita aftur. Og nú er það þetta:
Sérðu þér ekki fært, eða unnt, að leigja mér Árbæinn með húsakynnum, er viðlit væri að búa í, þegar á þessu ári? Ég skyldi hafast þar eitthvað að til umbóta.
Bið afsökunar á þessu. – En hvert skal farið ef ekki til þeirra sem maður treystir?

Bestu kveðjur.

Páll Stefánsson.

Reykjavík, 2. apríl 1946.

Heiðraði alþingismaður.

Ritnefnd stúdentablaðsins "Vér mótmælum allir" vill vinsamlegast fara þess á leit við yður, að þér sendið henni svar við eftirfarandi spurningu:

Teljið þér, að Íslendingar eigi að veita nokkru erlendu ríki herstöðvar hér á landi?

Oss virðist nauðsynlegt, að skoðanir fulltrúa þjóðarinnar, hvers og eins, á þessu máli, komi skýrt fram, til þess að kjósendurnir fái að kynnast þeim, enda ætti þingmönnum ekki að vera það óljúft, ef álit þeirra á þessum efnum eru í samræmi við alþjóðarvilja, en sé svo ekki, er gott, að það komi fram í dagsljósið.

Svör yðar munum vér birta í blaði voru, "Vér mótmælum allir", ennfremur nöfn þeirra, sem engin svör gefa, ef einhverjir verða.

Vér væntum þess, að þér bregðizt vel við þessari beiðni og sendið svar yðar fyrir sunnud. 7. apríl 1946.

Bréf, samhljóða þessu, sendum vér öllum alþingismönnum.

Virðingarfyllst.

Ritstjórn stúdentablaðsins "Vér mótmælum allir".

Gamla Garði.

Jón Hjaltason Árni Árnason

Páll Bergþórsson

Til

hr. alþingismanns

Bjarna Benediktssonar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur